

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Hraðastaða 5 og 7 og breytingar á deiliskipulagi við Engjaveg, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 18. október 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir þrjár lóðir í landi Hraðastaða, Mosfellsdal. Samkvæmt deiliskipulaginu er lóðinni Hraðastaðir 7 skipt upp í tvær lóðir sem skráðar verða Helgadalsvegur 5 og 7, en lóðin Hraðastaðir 5 verður óbreytt og skráð sem Helgadalsvegur 3. Á hvorri fyrrnefndu lóðanna er gert ráð fyrir einu íbúðarhúsi ásamt bílskúr og útihúsi, en á Helgadalsvegi 3 er gert ráð fyrir íbúðarhúsi og bílskúr.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Ennfremur hefur bæjarstjórn Mosfellsbæjar í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi frá Reykjalandarvegi að Húsadal, sem varða lóðir við Engjaveg. Breytingarnar felast í færslu Engjavegar til vesturs á kafla við Heiði og fjölgun lóða ofan/austan vegarins um tvær einbýlishúsalóðir, nr. 11a og 17a.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 8. nóvember 2006,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2006